

Umboðsskrifstofu er heimilt að miðla upplýsingum og veita ráðgjöf hér á landi á vegum erlendar lánastofnunar. Umboðsskrifstofu er óheimilt að taka við innlánum, veita útlán, stunda verðbréfavíðskipti eða aðra þá starfsemi sem greinir í 44. gr. laga um víðskiptabanka og sparisjóði.

## 7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 85. gr. laga nr. 43/1993, um víðskiptabanka og sparisjóði, sbr. 13. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en víðskiptabanka og sparisjóði, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 25. maí 1994.*

F. h. r.

**Porkell Helgason.**

*Finnur Sveinbjörnsson.*

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 274, 28. júní 1993,  
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið  
1. september 1993 til 31. ágúst 1994.**

## 1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

5. Innfjarðarrækja samtals: .....	7750	lestir
þ.a. Eldey .....	1200	lestir
þ.a. Arnarfjörður .....	850	lestir
þ.a. Ísafjarðardjúp .....	2500	lestir
þ.a. Húnaflói.....	1000	lestir
þ.a. Skagafjörður .....	500	lestir
þ.a. Skjálfandi .....	800	lestir
þ.a. Öxarfjörður .....	900	lestir

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 184, 6. apríl 1994.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 26. maí 1994.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón B. Jónasson.*